

# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Janúar 2010 1. TBL. 18.ÁRG.

## Horfur ársins 2010

Hin árlega könnun Gallup, þar sem spurt er um horfur í nokkrum málaflokkum fyrir komandi ár, var gerð nú undir lok árs. Könnunin er gerð í 33 löndum og má sjá niðurstöður fyrir Ísland á myndunum hægra megin á síðunni.

Á heildina litið eru Íslendingar frekar svart-sýnir á horfur næsta árs en þó eru þeir ekki eins svart-sýnir nú og þeir voru í fyrra á horfur ársins 2009. Um 42% landsmanna telja að persónulegir hagir þeirra verði verri árið 2010 en 2009, tæplega 47% telja að persónulegir hagir þeirra verði svipaðir og einungis 11% telja þeir verði betri.

Þrátt fyrir að væntingar til efnahagsástands ársins 2010 séu betri en þær voru fyrir árið 2009 telur ríflega helmingur þjóðarinnar að efnahagsástandið verði verra árið 2010 en árið 2009, 34% telja það verða svipað og 12% betra.

Um 53% landsmanna telja jafnframt að atvinnuleysi eigi eftir að aukast árið 2010, 29% telja það muni standa í stað frá því sem nú er en 18% að það verði minna. Hlutfall þeirra sem telja að atvinnuleysi eigi eftir að aukast á næsta ári hefur hins vegar lækkað mjög mikið frá síðustu mælingu eða um 40 prósentustig.

Um 27% Íslendinga telja að verkföll og átök á vinnumarkaði verði meiri á næsta ári en árið 2009, 57% telja þau verða svipuð og 16% að þau verði minni. Loks telja 36% landsmanna að deilur í alþjóðamálum verði meiri árið 2010 en árið 2009 og er það nokkur lækun frá síðustu mælingu. Meirihluti Íslendinga telur að alþjóðadeilur muni verða svipaðar og í ár en 6% að þær verði minni.

Ef litið er á niðurstöður fyrir öll löndin má segja að bjartsýni hafi aukist nokkuð. 45% aðspurðra í öllum þáttökulöndunum telja að hagir þeirra verði betri árið 2010 en í ár sem er 18 prósentustiga aukning frá því í lok síðasta árs. Íslendingar skipa sér í flokk með V-Evrópubúum sem eru líkt og áður svart-sýnasti hluti heimsins. Þó ber að hafa í huga að aðstæður sem íbúar landanna búa við eru mjög ólíkar.

þegar einstök lönd eru skoðuð kemur í ljós að íbúar Nýja Sjálands eru bjartsýnastir en 73% þeirra telja að hagir þeirra verði betri árið 2010 en árið 2009. Í öðru sæti koma íbúar Brasilíu en 71% þeirra telja að hagir þeirra verði betri á næsta ári. Þar á eftir koma lönd eins og Ástralía, Rússland og íbúar stærstu borga Kína. Íbúar Króatíu eru svart-sýnastir en 57% þeirra telja að hagir þeirra verði verri á næsta ári en þeir voru í ár. Næst á eftir koma Bosnía og Hersegóvína, Serbía, Albanía, Rúmenía og Ísland en í fyrra voru Íslendingar svart-sýnastir ásamt Hong Kong.

Á heimsvísu telja 29% að efnahagsástandið verði betra árið 2010 en 2009 en sambærilegt hlutfall í fyrra var 13%. Jafn margir telja þó að efnahagsástandið verði verra eða 29%. Íbúar S/Mið - Ameríku eru bjartsýnastir á horfur í efnahagsmálum en íbúar V-Evrópu og í Austurlöndum/Eyjaálfa svart-sýnastir. Einungis 11% íbúa V-Evrópu telja að efnahagsástandið verði betra árið 2010 en það var í ár.

Meirihluti (51%) telur að atvinnuleysi eigi eftir að aukast árið 2010 en 25% telja þó að atvinnuleysi eigi eftir að minnka, nokkuð fleiri en á sama tíma í fyrra. Íbúar V-Evrópu, N-Ameríku og Austurlanda/Eyjaálfa eru neikvæðastir hvað þetta varðar og þar er enn ríkjandi það viðhorf að atvinnuleysi eigi eftir að aukast.

### Spurt var:

Telur þú að þínir hagir verði betri, svipaðir eða verri á árinu 2010 en þeir hafa verið á þessu ári?

En telur þú að á næsta ári verði efnahagsástand þjóðarinnar betra, verra eða svipað og á þessu ári?


En telur þú að atvinnuleysi eigi eftir að aukast, minnka eða standa í stað á næstu 12 mánuðum?

Telur þú að á næsta ári verði verkföll og átök á vinnumarkaði meiri, svipuð eða minni en á þessu ári?


En telur þú að á næsta ári verði deilur í alþjóðamálum meiri, svipaðar eða minni en á þessu ári?

	Betri persónulegir hagir (%)	Betra efnahagsástand (%)	Aukið atvinnuleysi (%)
	2009	2009	2009
Allir	45	29	51
Ísland	11	12	53
V-Evrópa	32	11	68
A/Mið-Evrópa	52	28	41
Mið-Austurlönd	50	39	39
Austurlönd/Eyjaálfa	32	24	56
S/Mið-Ameríka	66	58	36
Bandaríkin	50	28	51
Kanada	53	28	44


### Persónulegir hagir á næsta ári




### Efnahagsástand á næsta ári




### Atvinnuleysi á næsta ári



### Verkföll á næsta ári




### Alþjóðadeilur á næsta ári



# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag og stuðningur við ríkisstjórnina



### Samfylkingin tapar nokkru fylgi milli mánaða

Helstu breytingar á fylgi flokkanna milli nóvember og desember 2009 eru þær að fylgi Samfylkingarinnar minnkar um tvö prósentustig milli mánaða og myndu liðlega 24% kjósa flokkinn færri kosningar fram nú. Þetta er minnsta fylgi sem Samfylkingin hefur mælst með síðan í janúar 2009. Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi milli mánaða og nýtur flokkurinn nú stuðnings þriðjungs kjósenda. Eins og í síðasta mánuði mælist Vinstrihreyfingin - grænt framboð með 23% fylgi en tæplega 15% segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn færri kosningar fram í dag. Um fimm prósent segjast myndu kjósa aðra flokka.

Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar lítillega milli nóvember og desember, en stuðningur við stjórnina mælist nú 46%.

Nær 12% svarenda taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og næstum 14% segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosningar færu fram í dag.

#### Spurt var:

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?

En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?

Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?


Styður þú ríkisstjórnina?

### Loftslagsmál


Þar sem nýlokið er loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn lék Gallup forvitni á að vita viðhorf þjóðarinnar til loftslagsmála. Riflega 40% svarenda hafa miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum/

hækkun á hitastigi jarðar en tæplega 27% hafa litlar áhyggjur. Þriðjungur hefur hvorki miklar né litlar áhyggjur af loftslagsbreytingum/hækkun á hitastigi jarðar.


#### Áhyggjur af loftslagsbreytingum




#### Greiningar - Kyn



#### Greiningar - Aldur




#### Greiningar - hvað kosið yrði til Alþingis



Konur hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en karlar og eins eru áhyggjur af loftslagsbreytingum meiri hjá fólki sem er 50 ára eða eldra en þeim sem yngri eru. Eins hafa stuðningsmenn stjórnarflokkanna meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en stuðningsmenn annarra flokka.

#### Hækkun á hitastigi jarðar hefur nú þegar alvarleg áhrif á því svæði þar sem ég bý




þegar kemur að fullyrðingunni um að hækkun á hitastigi jarðar hafi nú þegar

alvarleg áhrif á því svæði sem svarendur búa á eru 36% sammála fullyrðingunni sem er örlítið hærra hlutfall en í júlí 2007 þegar 33% voru sammála henni.

Um 15% hafa ekki gripið til neinna ráðstafana á sínu heimili til að vernda umhverfið. 69% endurvinna eða takmarka losun á sorpi, 45% takmarka notkun á úða og sama hlutfall sparar orku á heimilinu. Um 27% takmarka notkun á einkabíl, fjórðungur fer sparlega með rafhlöður og 18% spara vatn á heimili sínu.

#### Hlutfall sem grípur til eftirfarandi ráðstafana í þeim tilgangi að vernda umhverfið



#### Spurt var:

Hefur þú miklar eða litlar áhyggjur af loftslagsbreytingum/hækkun á hitastigi jarðar?

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingunni? Hækkun á hitastigi jarðar hefur nú þegar alvarleg áhrif á því svæði þar sem ég bý.

Er gripið til einhverra af eftirfarandi ráðstöfunum á þínu heimili í þeim tilgangi að vernda umhverfið? (atriðin má sjá í myndinni ofar í þessum dálki en atriðin voru birt í tilviljunarkenndri röð)

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Capacent Gallup gerði dagana 30. nóvember til 28. desember 2009. Svarhlutfall var 70,4%, úrtaksstærð 3.659 manns. Vikmörk eru 0,5-2,1%. Viðhorf til ársins 2010 eru úr netkönnun sem gerð var dagana 18. - 27. nóvember. Svarhlutfall var 69,5%, úrtaksstærð 1.477 einstaklingar. Viðhorf til loftslagsmála eru úr netkönnun sem gerð var dagana 9. - 27. desember. Svarhlutfall var 69,8%, úrtaksstærð 2.344 einstaklingar. Í öllum úrtökum voru einstaklingar á aldrinum 18 ára eða eldri af öllu landinu valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup.

Hvorki má birta fréttabréf þetta né upplýsingar úr því opinberlega án skriflegs leyfis Capacent.

Útgefið af: Capacent Gallup Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: jona.sverrisdottir@capacent.is

Umsjón með útgáfu: Jóna Karen Sverrisdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. Capacent 2008. Allur réttur áskilinn.